



Viðtakandi: Jökull Þór Sveinsson og Hlynur Ingi Jóhannsson
Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík, (14.03.2025)

Málsnúmer: USK24030341

Nýbyggingar við Arnarbakka

Svar við bréfi frá börnum í Breiðholtsskóla

Jökull og Hlynur: Fólkið í Neðra Breiðholtið mótmælir stúdentaíbúðum sem er verið að fara að byggja þar sem nú er leiksvæði barnanna í hverfinu. Það er verið að skemma túnið fyrir krökkunum að leika sér úti. Þar er núna m.a. hoppubelgur og brekka þar sem hægt er að renna sér á veturna.

RVK: Reykjavíkurborg leggur mikla áherslu á það að í stað þeirra leiksvæða sem lenda undir byggingareitum verða gerð ný leiksvæði. Uppbygging á svæðinu hefur ekki áhrif á hoppubelginn eða sleðabrekkuna. En túnið þar sem fótboltamörkin eru í dag mun breytast. Hér eru tækifæri til þess að skapa nýtt og spennandi leiksvæði fyrir börnin í hverfinu. Ein hugmynd er að börn í Breiðholtsskóla geti tekið þátt í hönnun á nýju leiksvæði og komið með hugmyndir af því sem þau óska sér á svæðinu.



Reykjavík



Jökull og Hlynur: Með þessu verður Breiðholtið líka bara meira hættulegt vegna bílaumferðar og mun hindra góða leið fyrir krakka að labba í skólann. Sumir foreldrar eru pirraðir úti í Reykjavíkurborg út af þessum áætlunum. Það er líka verið að taka heil fimm bílastæði frá Blöndubakka og útlit fyrir að það munni yfirleitt vanta mörg bílastæði.

RVK: Mikil áhersla er lögð á að halda í öruggar og góðar gönguleiðir barna í skólann. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir að gönguleiðir muni breytast vegna uppbyggingarinnar. Það verða ekki tekin nein bílastæði af öðrum lóðum. Leitt að heyra að foreldrar séu pirraðir út af uppbyggingunni. En hugmyndin um að koma fyrir stúdentaíbúðum á svæðinu komu einmitt frá íbúum á svæðinu. Hugmyndin var að fá inn barnafjölskyldur á svæðið til þess að auka líkur á því að ungir foreldrar setjist að í hverfinu og stuðla þannig að félagslegri blöndun.

Jökull og Hlynur: Auk þessa munu blokkirnar skyggja á leiksvæði Breiðholtsskóla þannig að þar verður skuggi. Byggðin er líka of þétt.

RVK: Skuggavarp sem fylgir skipulagsbreytingunni sýnir að það mun einungis koma skuggi á lítið svæði á lóð Breiðholtsskóla mjög snemma morguns á veturna og snemma vors. Eftir klukkan 9 á morgnanna ætti að vera lágmarks skuggaáhrif á leiksvæði Breiðholtsskóla.

Jökull og Hlynur: Svo erum við líka að pæla hvort búð geti ekki örugglega komið aftur í hverfið okkar eins og t.d. Nettó, Bónus, Krambúði eða Krónan. Vonum að við fáum eina af þeim.

RVK: Virkilega góð hugmynd. Skipulagið gerir ráð fyrir verslun og þjónustu á neðstu hæðum svo það væri tilvalið að hafa litla búð á þessum stað. Hvet ykkur til að hafa samband við búðirnar og benda þeim á þessi verslunarrými.

